



# FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

13. MARS 2009

## FRÁ FORMANNI

### EFNI BRÉFSINS:

<b>FRÁ FORMANNI</b>	<b>1</b>
<b>AÐALFUNDUR HS</b>	<b>1</b>
<b>UNGFOLASÝNING Í ÖLFUSHÖLLINNI</b>	<b>2</b>
<b>KYNBÓTASÝNINGAR 2009</b>	<b>2</b>
<b>UM KYNBÓTASÝNINGAR 2008</b>	<b>2</b>
<b>RÆKTUN 2009</b>	<b>2</b>

Ágæta félagsfólk.

Um það bil hálf tveimur árum er liðið frá útgáfu síðasta fréttablaðs og ýmislegt sem þar var fjallað um að baki, svo sem árlegur haustfundur og þau námskeið sem þá voru fyrirliggjandi. Haustfundurinn gekk allvel. Guðlaugur Antonsson hrossaræktaráðunautur BÍ fór lauslega yfir kynbótasýningar liðins sumars og svaraði ýmsum fyrirspurnum fundarmanna. Hreggviður Þorsteinsson var með erindi um mismunandi eignarhald á stóðhestum og að því loknu svaraði hann fyrirspurnum. Var þetta fróðlegt erindi og vonandi gagnlegt fyrir félagsmenn. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

Folaldasýning var 25. október og gekk ágætlega þó svo að áhorfendur hefðu mátt vera fleiri. Það folald sem stóð efst var merfolaldið Hvesta frá Þjóðólfsþaga 1 sem er undan Grun frá Oddhól og Gnótt frá Skollagróf. Eigandi og ræktandi Hvestu er Jón Haukdal Styrmisson.

Hrossaræktarsamtökin stóðu að tveimur námskeiðum í samstarfi við Landbúnaðar-

háskólann á Hvanneyri. Fyrri námskeiðið var hæfileikadómánámskeið kynbótahrossa og síðara námskeiðið í byggingadómum kynbótahrossa. Kennarar á þessum námskeiðum voru Jón Vilmondarsson og Eypór Einarsson, kynbótadómarar. Námskeiðin voru vel sótt og eru vafalaust haldgóð reynsla fyrir fólk sem stundar hrossarækt.

Guðlaugur Antonson hrossaræktaráðunautur BÍ og Kristinn Guðnason formaður Félags hrossabænda komu til fundar við félagi í HS í Þingborg þann 11. mars. Fundurinn var mjög vel sóttur og umræður líflugar og þá einkum um fyrirhugaðar breytingar á sýningarfyrikomulagi og vægi í hæfileikun kynbótahrossa. Hafa þeir ábyggilega fengið talsvert vegarnesti í þeirri vegferð sem þeir eru í við að kynna þessar hugsanlegu breytingar.

Það sem framundan er í vetrarstarfinu eru tvær sýningar. Ungfolasýningin og svo Ræktun 2009. Þessar sýningar eru kynntar hér í blaðinu og hvet ég fólk til þess að leggja sýningardaga á minnið og taka þátt, annað hvort sem sýnendur eða sem áhorfendur.

Báðar þessar sýningar hafa klárlega mikið auglýsingagildi fyrir hrossaræktendur og reynum við að gera þær sem best úr garði með ykkar aðstoð.

Hrossaræktarsamtökin ætla að halda aðalfund sinn þann 26 mars kl 20:00 í Þingborg og vonast stjórnin til þess að sjá sem flesta á fundinum.

Hrossaræktarkveðja.  
Fyrir hönd stjórnar,  
Sveinn Steinarsson



## AÐALFUNDUR HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður fimmtudagskvöldið 26. mars kl. 20:00 í Þingborg. Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Gestur fundarins verður að þessu sinni dr. Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma.

Úr stjórn eiga að ganga Helgi Eggertsson og Ólafur Einarsson. Helgi gefur ekki kost á sér áfram en Ólafur hefur enn ekki gert upp hug sinn.

Rétt er að benda á að fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands á síðinni [www.bssl.is](http://www.bssl.is). Hrossaræktarsamtökin eru þar með undirsíðu. Vonumst til að sjá ykkur sem flest á aðalfundinum.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

## UNGFOLASÝNING Í ÖLFUSHÖLLINI

Ungfolasýning Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli laugardaginn 21. mars. Fyrirkomulagi hennar verður breytt frá því sem verið hefur á þann veg að áður en sjálf sýningin hefst verða folarnir skoðaðir af tveimur kynbótadómurum sem gefa þeim umsögn. Þetta ungfólamat fer fram fyrir sjálfa sýninguna eða frá kl. 17:00 til 19:00.

Sýningin sjálf hefst síðan kl. 20:00. Dómarar verða Halla Eygló Sveinsdóttir og Jón Vilmundarson. Folunum verður að venju skipt í tvo flokka þ.e. tveggja og þriggja vetra. Dómarar raða efstu fimm folunum í hvorum flokki. Áhorfendur velja síðan álitlegasta folann í hverjum flokki.

Óðinn Örn Jóhannsson veitir nánari upplýsingar um sýninguna og tekur við skráningum á hana í síma 866-1230 eða [odinn@bssl.is](mailto:odinn@bssl.is). Síðasti skráningardagur er miðvikudagurinn 18. mars. Félagsmenn og aðrir áhugamenn um hrossarækt eru hvattir til að mæta.



## KYNBÓTASÝNINGAR 2009

Á fagráðsfundi hrossaræktar þann 12. desember 2008 var sýningaráætlun fyrir árið 2009 samþykkt og fer hún hér á eftir:

Tími	Staður	Sími
23.4 - 24.4	Sauðárkrókur	455-7100
<b>12.5 - 15.5</b>	<b>Reykjavík</b>	<b>480-1800</b>
13.5 - 15.5	Eyjafjörður	460-4477
<b>18.5 - 29.5</b>	<b>Hafnarfjörður</b>	<b>480-1800</b>
25.5 - 27.5	Borgarfjörður	437-1215
26.5 - 29.5	Sauðárkrókur	455-7100
<b>1.6 - 12.6</b>	<b>Hella</b>	<b>480-1800</b>
11.6	Hornafjörður	480-1800
9.6 - 10.6	Fljótaldalshérað	471-1226
4.6 - 5.6	Blönduós	451-2602
9.6 - 12.6	Eyjafjörður	460-4477
2.7 - 5.7	FM á Vesturlandi	
3.8 - 9.8	HM í Sviss	
13.8 - 14.8	Blönduós	451-2602
<b>17.8 - 26.8</b>	<b>Hella</b>	<b>480-1800</b>
19.8 - 21.8	Eyja/Skagafjörður	460-4477

Alltaf geta einhverjar breytingar orðið á sýningaráætluninni því þátttaka er aldrei ljós fyrr en nokkrum dögum fyrir sýningu.

Engar breytingar verða á sýningarformi að þessu sinni en eins og ræktendur hafa ef til vill heyrt hefur komið til umræðu hvort færa eigi kynbótasýningar inn á hringvöll að öllu eða einhverju leyti. Breytingar á vægi eiginleika hafa verið í umræðunni og á síðasta fagráðsfundi þann 12. desember var niðurstaða fagráðs að kynna á fundum hrossaræktenda eftirfarandi breytingar:

Skeið úr 9% í 10% vægi  
Vilji/geðslag úr 12,5% niður í 9-10% vægi  
Fet úr 1,5% í 3-4% vægi

Það skal skýrt tekið fram að enn hafa engar breytingar á vægi verið ákveðnar. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér þessi mál betur er bent á að fundargerðir fagráðs í hrossarækt er að finna á heimasíðu Bændasamtaka Íslands [www.bondi.is](http://www.bondi.is).

Halla Eygló Sveinsdóttir

## UM KYNBÓTASÝNINGAR 2008

Metþátttaka var í kynbótasýningum sumarið 2008. Alls féllu 2.059 dómar en 1.509 hross voru dæmd, endurdómar voru 30%. Flest hrossin voru dæmd á Sörlastöðum í Hafnarfirði eða 595 hross en það er stærsta kynbótasýning sem nokkru sinni hefur verið haldin. Á Gaddstaðafloðum voru sýnd 560 hross (tvær sýningar) og í Víðidal 109. Á þessum þremur stöðum voru því sýnd 1.264 hross og er þá LM2008 ekki talið með en þar voru dæmd 218 hross. Á Austurlandi voru sýnd 27 hross, Vesturlandi 49 hross og á Norðurlandi 501 hross á 7 sýningum. Þannig er þungamiðja kynbótasýninga greinilega sunnanlands. Ef aldursdreifing á sýningunum hér sunnanlands er skoðuð er greinilegt að mikið kapp er lagt á að koma með stóðhesta unga til dóms. Á vorsýningunum þremur voru 60-69% stóðhesta sem sýndir voru á aldrinum 4 og 5 vetra. Hlutfallið er lægra í hryssunum eða 30-44%. Aldursdreifing á Sörlastöðum og Gaddstaðafloðum er mjög svipuð en hlutfall yngri hrossa var heldur lægra í Víðidal enda var það fyrsta sýning vorsins.

Lágmörkum inn á LM2008 náðu 238 hross. Í Víðidal og á Sörlastöðum náðu 23% sýndra hrossa lágmörkum, á Gaddstaðafloðum var hlutfallið 16% og ef hinar sýningarnar eru teknar saman eru 12% hrossa á þeim að ná lágmörkum eða 56 hross. Hross fædd á svæðum 80-88 voru um helmingur þeirra hrossa sem náðu lágmörkum. Þannig er ekki annað að sjá en sunnlensk ræktun sé í miklum blóma.

Það verður gaman að sjá hvaða nýjar stjórnur koma fram í vor og vonandi að þátttaka í kynbótasýningum verði mikil.

Halla Eygló Sveinsdóttir

## RÆKTUN 2009

Sýningin Ræktun 2009 verður föstudagskvöldið 24. apríl nk. í Ölfushöllinni að Ingólfshvoli. Hrossaræktendur og áhugamenn um hrossarækt ættu því að taka það kvöld frá strax. Óðinn Örn Jóhannsson mun sjá um þá sýningu að venju en hún verður auglýst nánar þegar nær dregur

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands